


Truenorth Ísland ehf
Fahad Falur Jabali
Seljavegi 2, 2.h.
101 Reykjavík



Reykjavík, 28. maí 2014
Tilvísun: UST20140500231/þvb

Kvikmyndataka á Reykjanesi

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi True North, dags. 26. maí 2014, vegna leyfis til kvikmyndartöku innan Reykjanesfólkvangs dagana 29. maí, 31. maí og 10. júní 2014 vegna þýsku kvikmyndarinnar *A summer in Iceland*.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing á framkvæmd: Tökur fara fram við veiðihús stangveiðifélags Hafnafjarðar við Djúpavatn, á Krísuvíkurlleið og Djúpavatsleið, við Kleifarvatn og Seltún. Gert er ráð fyrir að tókur fari fram 29. maí við Djúpavatn en 31. maí og 10. júní færu tókur fram á hinum svæðunum. Við Djúpavatn er gert ráð fyrir 2-3 leikurum í hverri senu og tókur fari fram ofan við veiðihúsið. Við Djúpavatn verður búin til rigning við tókurnar en þar væri einungis um vatn að ræða. Ekki er gert ráð fyrir raski. Á Krísuvíkurvegi færu tókur fram á veginum sjálfum. Á Djúpavatsleið og við Kleifarvatn færu tókur fram við veginn og eitthvað við sumarhúsabyggðina sunnan megin við Kleifarvatn. Við Seltún færu tókurnar fram á afmörkuðum svæðum sem eru ætluð gangandi umferð og verður unnið með umferð ferðafólks. Við tókur á þessum svæðum er gert ráð fyrir 2 leikurum. Keyrslutökur verða unnar í samráði við Vegagerðina og lögreglu. Aðstaða fyrir tókulið verður sett upp í malarnámu á Djúpavatsleið. Nýttir verða 8 trukkan og rútur undir búnað undir tækjabúnað og aðstöðu fyrir starfsfólk. Til viðbótar verða 10 bílar af ýmsum stærðum nýttir til fólksflutning. Við keyrslutökur verður notaður gamall Ford Econoline. Í allt koma 45 manns að tókunum. Í einu atriðin væri lamb inni í bíl en gengið verður frá öllum leyfum dýralæknis í sambandi við það. Dýrahaldari verður Ásta Dóra Ingadóttir sem hefur sinnt dýrum í kvikmyndagerð um árabil. Ekki er búið að ákveða hvort um loftmyndatökur verði að ræða en þær færu þá fram með fjarstýrði smápyrlu (drone). Engar lokanir munu eiga sér stað hvorki á bílum eða gangandi umferð. Einu tafirnar sem gætu orðið er að vegfarendur séu beðnir um að hinkra rétt á meðan tókuvél gengur. Það er ca. 2-3 mínútur í senn.


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökum og framkvæmdum sem eru í beinum tengslum við þær innan Reykjanesfólkvangs sem lýst hefur verið af hálfu

umsækjanda fyrir Umhverfisstofnun, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


1. Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær tókur hefjast og þeim líkur. Senda skal dagskipun vegna takana til Umhverfisstofnunar með dags fyrirvara svo hægt sé að meta hvort nauðsynlegt sé að eftirlitsaðili á vegum stofnunarinnar sé viðstaddur.
2. Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
3. Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
4. Samþykki landeigenda fáist fyrir kvikmyndatökunum.
5. Að skilið verði við svæðið eins og komið var að því.
6. Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka.
7. Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
8. Óheimilt er að trufla dýralíf.
9. True North skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tókur hefjast.
10. Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
11. Við Seltún skulu allir þeir sem koma að myndatökunni halda sig innan afmarkaðra gönguleiða þann tíma sem dvalið er á svæðinu. Óheimilt er að staðsetja og/eða geyma tækjabúnað utan afmarkaðra gönguleiða.
12. Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með kvikmyndatökunum. Umsækjandi greiðir allan útlagðan kostnað vegna eftirlitsins ásamt eftirlitsgjaldi sem er kr. 11.200 fyrir hverja klukkustund, sbr. gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013.

Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt viðmiðum sem hún hefur sett sér um málshraða þá er gert ráð fyrir að afgreiðsla erinda vegna leyfisveitinga á friðlýstum svæðum geti tekið allt að 15 virka daga. Mælt er til þess að umsóknaraðilar sendi inn erindi sín tímanlega til að nægur tími gefist til að taka erindið fyrir hjá stofnuninni.

Virðingarfyllst



Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri